



Alþingi

Erindi nr. *D/13/505*

komudagur *1/12/91*

ALÞINGI Íslendinga
Menntamálanefnd neðri deildar.
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 - Reykjavík.
Þorsteinn Magnússon nefndarritari.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Halnarstræti 57 600 Akureyri

Pósthólf 522
P. O. Box
602 Akureyri

Sími Telephone:
Skrifstofur Office (9)6-25073

Ísland
Iceland

Míðasala Ticket Office (9)6-24073

Kennitala Official id. nr. 420269-6339

Akureyri, 25. janúar 1991

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis.

EFNI: NÝ UMSÖGN stjórnar Leikfélags Akureyrar um
frumvarp til laga um listamannalaun, 139. mál.

Umsókn sú sem stjórn Leikfélags Akureyrar sendi menntamálanefnd neðri deildar þann sjöunda desember sl. byggðist á misskilningi og er ómerk.

Misskilningurinn er tilkominn með þeim hætti, að þegar við hér norðan heiða lásum umrætt frumvarp um listamannalaun og rákum augu í hversu hlutur leiklistarinnar er þar sláandi rýr, og raunar að mestu fyrir borð borinn, ályktuðum við í einlægri trú okkar á velvilja Alþingismanna í garð leiklistarinnar í landinu, að orsökkin hlyti að vera sú, að frumvarp til laga um starfslaunasjóð leikhúslistafólks (103. frumvarp til laga, 101. mál á 112. löggjafarþingi) hefði verið samþykkt sem lög frá Alþingi á síðasta löggjafarþingi, og listamönnum leikhússins þar með tryggt jafnrétti til móts við listamenn annarra listgreina.

Í ljósi þeirra upplýsinga að téd frumvarp um starfslaunasjóð leikhúslistafólks var ekki samþykkt, og í ljósi þess að í því frumvarpi til laga um listamannalaun sem hér er til umsagnar er hlutur leiklistarinnar vægast sagt rýr, leyfir stjórn Leikfélags Akureyrar sér að lýsa yfir óánægju með frumvarpið og mótmæla því að listamönnum leikhússins sé þar úthýst.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar L.A.

Sigurður Hróarsson leikhússtjóri